



Eirberg

SOLERO

Hægindahjólástóll



ÍSLENSKAR LEIÐBEININGAR

Notkunarleiðbeiningar

Solero hægindahjólástóllinn hentar til heimanota eða inni á hjúkrunarheimilum. Hann er með bólstraðri setu og þægilegt er að sitja í honum. Hægt er að fá ýmsa aukahluti á Solero s.s. borð, öryggisbelti, bólstrun við hné og hliðarstuðninga svo eitthvað sé nefnt.

Það þarf að stilla stóllinn fyrir notkun miðað við þarfir notandans. Ef ferðast er utanhúss í stólnum getur verið gott að nota glítaugu þannig að stóllinn sjáist betur þegar farið er að rökkva.

Áður en farið er af stað í stólnum er mikilvægt að fara yfir að hlutir eins og armar, fótafjalir og afturhjól séu í læstri stöðu og rétt stillt.


Skiljið aldrei börn án eftirlits í hjólástólnum.

Þegar ekið er yfir hindranir þá er mikilvægt að aka hægt að hindruninni (að 90° horni) þangað til að framhjólin snerta hindrunina, stoppa og aka síðan yfir.


Stóllinn krefst reglulegs viðhalds til þess að hann þjóni tilgangi sínum. Lesið því notkunarleiðbeiningarnar vandlega áður en stóllinn er notaður.

Dekkin eru úr gúmmí og geta skilið eftir för á parketi eða gólfdukk. Það getur verið erfitt að þrifa þessi för. Til að koma í veg fyrir ryð er mikilvægt að hjólástóllinn sé ekki í röku umhverfi.

Munið að læsa bremsunum áður en sest er í hjólástóllinn eða staðið er upp úr honum!




1




2

Yfirlitsmynd:

1. Aksturshandfang
2. Bak
3. Armar
4. Seta
5. Kálfapúði
6. Fótafjöl
7. Fótplata
8. Hnéstuðningur / sveif til að hækka fótafjölina
9. Framhjól
- A. Drifhringur
- B. Bremsa
- C. Handfang til að halla baki
- D. Handfang til að halla sætiseiningu
- E. Höfuðstuðningur
- F. Auka bakstuðningur
- G. Veltivörn
- H. Aksturshjól
- I. Bremsa fyrir aðstoðarmann



3




4

Geymsla:

Ef stólinn þarf að fara í geymslu er hægt að minnka ummál hans með því að fjarlægja armana, fótafjalirnar, framlenginguna á bakið og höfuðstuðninginn.



5




6

Armar:


Notið ekki stólinn án arma. Lyftið ekki stólnum upp á örmunum.

Til að stilla hæðina á arminum er skrúfan á mynd 6/2 losuð og hann togaður upp eða ýtt niður og hert svo á skrúfunni. Til að fjarlægja arminn er skrúfan á mynd 6/1 losuð og armurinn togaður upp úr festingunni.

Hægt er að stilla armana nær eða fjær setunni með því að losa skrúfurnar á mynd 6/2.



7



8

Hægt er að stilla armana fram og til baka með því að losa skrufurnar á mynd 7/1. Hægt er að velja um 3 stillingar og eru þá skrufurnar skrúfaðar í og hertar vel. Einnig er hægt að stilla hæðina á hliðarhlífinni með að losa skrufurnar á mynd 8/2 og stilla eftir þörfum, skrufurnar eru síðan skrúfaðar í og hertar vel.



9



10

Fótafjalir:

Notið ekki fótafjalirnar til að lyfta stólnum.


Lyfta ber fótplötunum fyrst og kálfapúðum síðan þegar farið er í og úr stólnum.

Hægt að fella fótafjalirnar til hliðar útávið sjá mynd 9 með því að lyfta þeim aðeins og sveigja svo. Hægt er að stilla fótafjalirnar til hliðar í 2 stillingar. Til að sveigja lengra er fótafjölunum lyft aðeins og þær felldar lengra til hliðar, sjá mynd 10.

Ath. að þegar fótafjalirnar hafa verið felldar lengra til hliðar eru þær lausar og geta hæglega dottið af og þegar þær eru færðar til baka heyrir klikk, sem þýðir að þær eru í læstri stöðu.



11



12

Til að fjarlægja fótafjalirnar af stólnum er þeim lyft upp um leið og þær eru felldar til hliðar. Fótafjalirnar eru festar aftur á í hliðarstöðu og felldar í rétta stöðu þar til að klikk heyrist. Athugið að þær séu fastar.

Hægt að stilla fótafjalirnar til hliðar með því að losa skrúfuna á mynd 12/1 stilla og herða svo skrúfuna aftur.



13



14

Til að lyfta fótafjölinni í lárétta stöðu skal halda í fótafjölinna (varist að láta fótafjölinna falla niður þegar sveifin er losuð), losa sveifina á mynd 14/1, stilla hæð fótafjalarinnar að þörfum og herða sveifina aftur.



15

Hægt er að lengja í fótafjölinni með því að losa um skrúfuna á mynd 15/1 og stilla lengdina og herða svo skrúfuna aftur.



16

Hægt er að stilla kálfapúðana á fótafjölnum, ofar eða neðar á rörinu. Til þess þarf sexkant og er skrúfan á mynd 16/1 losuð, kálfapúðinn stilltur og skrúfan hert vel.



17




18

Bak:

Hægt er að fjarlægja bakið áður en stóllinn er fluttur eða settur í geymslu.

Losið skrúfurnar á bakinu sjá myndir 17 og 18 og ýtið krókunum frá bakgrindinni. Bakið er svo losað með því að ýta því fram. Til að festa það aftur er það sett á sinn stað og krókunum ýtt að bakgrindinni og skrúfurnar hertar.

Áklæðinu er hægt að renna af og þvo.




19

Seta:

Hægt er að fjarlægja setuna áður en stóllinn er fluttur eða settur í geymslu. Fjarlægjið fótálfalirnar og losið um skrúfuna á mynd 19/1 báðu megin, lyftið örlítið og rennið setunni fram. Til að setja setuna á er henni rennt inn og skrúfurnar hertar. Setdýptina er hægt að stilla með því að losa um skrúfurnar á mynd 19/1 renna síðan setunni fram að hentugri dýpt, en þá eru skrúfurnar hertar. Athugið að ekki er hægt að stilla setdýptina meira en merkingin á hliðinni segir til um, sjá mynd 19/2. Áklæðinu er hægt að renna af og þvo.



20



21

Sætiseining:

Hægt er að halla sætiseiningunni frá -8° til +26°. Þegar sætiseiningunni er hallað skal halda með báðum höndum í aksturhandfangið á bakinu og halda pinnanum niðri með hægri hendi sjá mynd 21/1. Sætiseiningunni er hallað og pinnanum sleppt. Þegar bakinu er hallað skal halda með báðum höndum í aksturhandfangið og halda pinnanum með vinstri hendi á mynd 21/2. Bakinu er hallað og pinnanum sleppt.



22

Aksturshandfang:

Hægt er að stilla hæðina á aksturshandfanginu með því að losa um skrúfurnar á mynd 22/1, toga handfangið upp eða ýta því því niður og herða skrúfurnar aftur. Þegar hámarkshæð aksturshandfangsins er náð smellur út pinni, sjá mynd 22/2. Til að lækka aksturshandfangið þarf að ýta pinnanum inn og svo stilla aksturshandfangið neðar og herða skrúfurnar.




23




24

Bremsur:

Bremsur fyrir notanda eru staðsettar fyrir framan aksturshjólin báðum megin. Til að bremsa er bremsum ýtt fram en togaðar aftur til að losa sjá mynd 23 og 24.



25



26

Til að stilla bremsu er losað um skrúfurnar á mynd 25/1 og þær stilltar c.a 15mm til 20mm frá aksturshjólinu og hertar aftur.

Einnig eru handbremsur fyrir aðstoðarmann á aksturshandföngum sjá mynd 26. Hægt er að læsa þeim með litla pinnanum á mynd 26/1.

Mikilvægt er að fylgjast með bremsunum og láta laga þær um leið og eitthvað kemur upp á. Þegar bremsað er í halla skal bremsa með báðum bremsum í einu.

Mikilvægt er að bremsurnar séu rétt stilltar og reglulega þarf að fylgjast með að næginlegt loftmagn sé í dekkjunum. Ef það er of lítið loft í dekkjunum virka bremsurnar ekki. Afturhjólin eiga að vera óhreyfanleg þegar bremsurnar eru á. Ef staðsetningu aksturshjólanna er breytt er mjög mikilvægt að stilla bremsurnar í samræmi við stillinguna.

Setjist aldrei í stólinn eða standið uppúr honum án þess að hann sé í bremsu. Einnig skal hafa stólinn í bremsu þegar breytt er um stillingar.

Aksturshjól:

Það er auðvelt að taka aksturshjól af stólnum án verkfæra með því að þrýsta á pinna við öxulinn og kippa hjólinu af. Stóllinn má ekki vera í bremsu þegar þetta er gert. Þegar hjólið er sett aftur á stólinn er mikilvægt að það heyrir klikk og er þá öxullinn í læstri stöðu. Í hvert skipti sem aksturshjól er tekið af og sett aftur á er mikilvægt að ganga úr skugga um að það sé vel fast með því að ýta og toga í hjólið frá hlið.

Hægt er að velja um loftpumpuð dekk eða mjúk dekk (hálfmassiv). Þrýstingur í dekkjum er skráður á báðum hliðum dekkisins.



27

Drifhringir:

Drifhringi er hægt að stilla í 15mm til 25mm frá aksturshjólum.

Til að stilla fjarlægð drifhringsins frá aksturshjólunum eru skrúfurnar á mynd 27 losaðar um einn hring og drifhringirnir stilltir og skrúfurnar hertar.



28



29



30

Sethæð:

Hægt er stilla sethæðina og breyta sethalla.

Öxullinn á mynd 28 er losaður og færður ofar, neðar eða til hliðar.

Framhjólalabúnaðurinn er losaður og færður ofar eða neðar á stönginni sjá mynd 29.


Framhjólið er losað sjá mynd 30 og fært ofar eða neðar. Athugið að stilling á framhjóli stjórnast af stillingu aksturshjóla og verða framhjólin að mynda 90° horn við gólflötinn.



31



32




33

Veltivörn:

Veltivörn fylgir stólnum og er mikilvægt að hún sé notuð. Hún kemur í veg fyrir að stóllinn velti afturábak. Athugið að veltivörnin þarf að vera stillt í sömu hæð báðum megin. Hægt er að fella veltivörnina inn á við með því að að ýta henni niður og færa innávið. Til að stilla hæðina er skrúfur á mynd 33/1 losaðar og veltivörnin stillt og fest aftur. Athugið að veltivörnin verður að ná aftar út en aksturshjólin.



34




35

Höfuðstuðningur:

Hægt er að stilla höfuðstuðninginn að þörfum hvers notanda með því að losa um sveifarnar á myndum 35/3 og 4 stilla og herða vel. Áklæðinu er hægt að renna af og þvo.



36



37

Auka bakstuðningur:

Hægt er að stilla framlengingar bakstuðninginn að þörfum hvers notanda með því að losa um skrúfuna á mynd 37/1 stilla og herða vel.

Áklæðinu er hægt að renna af og þvo.




38


Öryggisbelti:

Hægt er að fá öryggisbelti sem hindrar að notandi detti fram fyrir sig úr stólnum og til að auka á jafnvægi notandans.

Til að festa beltíð við stólinn er því þrætt á milli baks og hliðar, báðum megin og síðan fest að framan sjá mynd 38.



39



40

Bolstuðningur:

Hægt er að stilla bolstuðninga fyrir hvern notanda en þá er hægt að panta sem aukahluti. Til að hækka eða lækka stuðningspúðana þá er losað um skrufurnar á mynd 39/1, stillt og hert aftur. Til að færa þá nær eða fjær notenda er losað um skrufuna á mynd 39/2, stillt og svo hert aftur. Einnig er hægt að færa þá frammar eða aftar þ.e. nær eða fjær stólbaki, með því að losa um skrufuna á mynd 40/3 með sexkanti , stilla og herða.



41




42

Borð:

Borðinu er rennt yfir armana og rörin undir borðinu stingast í festingarnar undir arminum og skrufan á mynd 41/1 er hert, ef losað er um hana er hægt að sveigja borðinu til hliðar/upp á rönd. Athugið að aka hvorki með lausa hluti né ílát með vökva á borðinu. Athugið að setja ekkert heitt á borðið. Við þrif á borðinu skal ekki nota hreingerningarlög með kornum í.



43



44

Klofkíll:

Hægt er að fá klofkíll á stólinn og er hann festur undir miðja setu að framan sjá mynd 43. Hægt er að stilla bæði hæð hans og lengd frá setu með því að losa skrúfurnar á mynd 44/1 og 44/2, stilla að þörfum notandans og herða.



45



46

Ástig:

Ástig á veltivörninni á mynd 45 er fyrir aðstoðarmanninn, til að hjálpa honum að halla stólnum og komast yfir hindranir.

Stafahaldari:

Stafahaldarinn er í tvennu lagi annars vegar dós á veltivörninni og franskur rennilás á aksturshandfanginu. Er þá hækjum eða staf stungið í stafahaldarann og fest með franska rennilásnum, sjá mynd 46/1.

Umhirða:

Hreinsið áklæðið með mildri sápu og heitu vatni. Bletti má fjarlægja með svampi eða mjúkum bursta. Farið svo yfir með hreinu vatni og látið þorna. Hægt er að þvo áklæðið á 40° í þvottavél á ullar- eða silkikerfi. Ekki þurrka áklæðið í þurrkara og ekki strauja það. Notið ekki sterk hreinsiefni né harða bursta.

Tæknilegar upplýsingar:

Lengd með fótafjöllum: 118 sm
Breidd: 65sm (rammi1), 69 (rammi 2)
Hæð með höfuðstuðningi: 117-137sm (rammi1), 127-147sm (rammi 2)
Sætisbreidd: 38-46sm (rammi 1), 46-53sm (rammi 2)
Sætisdýpt: 42-51 sm
Sethæð: með 22" framhjól og sessu: 39-49sm, með 24"framhjól og sessu: 42-52sm
Hæð baks: 44sm (rammi1), 54sm (rammi2)
Breidd baks: 41sm (rammi 1), 48sm (rammi 2)
Hæð á örmum: frá setu með sessu: 19-26sm
Hæð aksturshandfangs: 72-92 sm
Sethalli: -8° til +26°
Bakhalli: -10° til +35°
Þrýstingur í dekkjum: 2,5 bar

Flutningsmál:

Lengd með veltivörnum, án fótafjala: 84sm
Breidd án arma: 65sm (rammi 1) 73sm (rammi 2)
Hæð án baksessu með bak samanlagt, sethæð 39sm og án aksturshjóla: 68sm

Heildarþyngd stóls með örmum, fótafjöllum og aksturshjólum: 38,7kg
Hámarksþyngd notanda: 130 kg

Viðhald:

Ef hjólastóllinn er notaður í aur, salti eða sandi þá þarf að þrifa hann vel á eftir.

Farðu reglulega yfir eftirfarandi þætti (amk. einu sinni í mánuði):

- Þrífðu rammann og áklæðið með því að nota milda sápu og raka tusku og þurrkaðu vel.
- Hreinsaðu framhjólafestingar við gaffalinn (milli hjóls og gaffals). Það er algengt að hár og ryk setjist á þetta svæði sem getur skemmt legurnar.
- Smyrðu öxla afturhjólanna með olíu eða feiti. Taktu afturhjólið af og kreistu nokkra dropa af olíu yfir öxulinn. Ef þú ert í rigningu eða aur eða tekur afturhjólin sjaldan af ættir þú að smyrja öxlana oftar.
- Pumpaðu reglulega í dekkinn ef þú ert með loftpumpuð dekk. Ef loftmagnið er lítið í dekkjunum þyngir það stólinn.
- Farðu yfir allar skrúfur og bolta, hertu ef nauðsynlegt er.

Seljandi:



Eirberg

Stórhöfða 25
110 Reykjavík
Sími 569 3100
Fax 569 3101
Netfang : eirberg@eirberg.is
Heimasíða: www.eirberg.is

Framleiðandi: Meyra / Ortopedia
www.meyra.de
www.ortopedia.de